

1978 nr. 39 10. maí**Þinglýsingalög**

Tóku gildi 1. janúar 1979. Breytt með 1. 63/1988 (tóku gildi 1. jan. 1989), 1. 85/1989 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 31/1990 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 20/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 90/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 91/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 6/1992 (tóku gildi 1. júlí 1992), 1. 37/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994) og 1. 45/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 13. gr.).

I. kafli. [Þinglýsingarstjórn.]¹⁾

¹⁾ L. 85/1989, 1. gr.

■ **1. gr.** [Sýslumenn eru þinglýsingarstjórnar, hver í sínu umdæmi.]¹⁾

¹⁾ L. 85/1989, 2. gr.

■ **2. gr.** [Þinglýsingarstjóri]¹⁾ skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, [ef hann er vanhæfur samkvæmt stjórn-sýslulögum].²⁾ Þó ber [þinglýsingarstjóra]¹⁾ jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttar-spjöllum.

□ [Fulltrúi sýslumanns]¹⁾ getur leyst úr þinglýsingarmáli, þótt [þinglýsingarstjóra]¹⁾ bagi þau atvik er í 1. mgr. greinir.

¹⁾ L. 85/1989, 3. gr. ²⁾ L. 37/1993, 36. gr.

■ **3. gr.** [Bera má úrlausn þinglýsingarstjóra um þinglýsingu samkvæmt lögum þessum undir héraðsdómara í lög-sagnarumdæmi þinglýsingarstjóra. Heimild til þess hefur hver sá sem á lögvarðra hagsmuna að gæta vegna ákvörðun- ar þinglýsingarstjóra. Úrlausnin skal borin undir dóm áður en fjórar vikur eru liðnar frá henni ef þinglýsingarbeiðandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en fjór- ar vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

□ Nú ber aðili úrlausn þinglýsingarstjóra undir dóm og skal þá skrá um það athugasemd í þinglýsingabók.

□ Sá er bera vill úrlausn um þinglýsingu skv. 1. mgr. undir dóm skal afhenda þinglýsingarstjóra skriflega tilkynningu um það. Skal þar greina úrlausn þá sem borin er undir dóm, kröfu um breytingar á henni og rökstuðning fyrir kröfunni. Þinglýsingarstjóri skal afhenda hlutaðeigandi staðfest ljósrit gagna og endurrit úr þinglýsingabók svo fljótt sem við verður komið. Sá sem bera vill úrlausn þinglýsingarstjóra undir dóm skal án tafar afhenda héraðsdómara málgögn. Heimilt er þinglýsingarstjóra að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið. Héraðsdómari skal kveða upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er og ekki síðar en þremur vikum eftir að honum bárust málgögn.

□ Ef annar en þinglýsingarbeiðandi vill bera úrlausn um þinglýsingu undir dóm skv. 1. mgr. skal þinglýsingarstjóri tilkynna það þinglýsingarbeiðanda og eftir atvikum öðrum þeim er hagsmuni kunna að eiga og gefa þeim kost á að koma á framfæri skriflegum kröfum sínum og athugasemdum. Að því búnu tekur héraðsdómari málið til úrskurðar og kveður upp rökstuddan úrskurð innan frests þess sem greinir í 3. mgr. Ef héraðsdómari telur mál sérstaklega umfangsmik- ið getur hann ákveðið að fram fari munnlegur málfutningur um ágreiningsefnið áður en það er tekið til úrskurðar.

□ Úrskurður héraðsdómara um úrlausn þinglýsingarstjóra sætir kærur til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um kærur í einkamáli. Skal úrskurður kærður áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögn hans ef kærandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um úrskurðinn.]¹⁾

¹⁾ L. 6/1992, 1. gr.

II. kafli. Framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga.

■ **4. gr.** Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda þar í umdæmi, sem þinglýsing á fram að fara, sbr. 20., 41., 43. og 47. gr.

■ **5. gr.** Sá, sem beiðist þinglýsingar, skal afhenda [þinglýs- ingarstjóra]¹⁾ skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti. Það eintak, sem [þinglýsingarstjóra]¹⁾ er ætlað, skal vera ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni.

□ Ef skjal, sem þinglýsa á, er ritað á erlendu máli, getur [þinglýsingarstjóri]¹⁾ krafist þess, að því fylgi íslensk þýð- ing, rituð á löggiltan þinglýsingapappír og gerð af löggiltum skjalapýðara, sé þess kostur.

□ Vegna breytinga á vörslu þinglýsingaskjala má með reglu- gerð setja önnur fyrirmæli um gerð skjala og tölu eintaka, sem afhenda skal til þinglýsingar.

¹⁾ L. 85/1989, 5. gr.

■ **6. gr.** Öll skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, skulu færð í dagbók. [Sama gildir um skjöl sem afhent eru til aflysingar þar sem dagbók er haldin í tölvu.]¹⁾ Dagbók skal þannig úr garði gerð, að framlagning afrits úr henni geti, eftir atvikum með nauðsynlegum athugasemdum, fullnægt ákvæðum laga þessara um birtingu vikulegrar skrár yfir þinglýst skjöl, sbr. 9. gr. 3. mgr.

□ [Nú er afhent skjal til þinglýsingar og skal þá vísa því frá ef eitthvert af eftirtöldum atriðum á við:

- skjal er afhent í röngu umdæmi,
- fasteign er ekki skráð í þinglýsingabók nema um stofnskjál sé að ræða,
- stofnskjál landeignar er ekki forskráð í Landskrá fast- eigna samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna,
- skjal varðar bein eða óbein eignarréttindi að fasteign og ekki er getið fastanúmers hennar,
- afmörkun lands eða lóðar er ekki í samræmi við 2. mgr. 20. gr.,
- ekki er ótvírætt við hvaða eign skjal á, hvaða aðila skjal varðar eða hvert efni þess er að öðru leyti,
- skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta eða annarra þeirra er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf,
- skjal er aðeins afhent í einu eintaki eða samrit eða end- urrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír.]¹⁾

□ Að lokinni færslu skjals í dagbók, skal árita það og end- urrit eða samrit þess. Áritun skal fela í sér viðurkenningu um viðtöku skjals og tilgreiningu viðtökudags.

¹⁾ L. 45/2000, 1. gr. Breytingarákvæði 1. mgr. og ákvæði c- og d-liðar 2. mgr. koma ekki til framkvæmda að því er varðar tölvufærðar fasteignabækur í umdæmum sýslumannanna í Hafnarfirði, á Ísafirði og í Reykjavík fyrr en þær bækur hafa verið tölvufærðar í Landskrá fasteigna, þó ekki síðar en 31. desember 2004, sbr. 13. gr. s.l.

■ **7. gr.** Eftir að skjal hefur verið fært í dagbók, skal [þing- lýsingarstjóri]¹⁾ sannreyna, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að skjalinu verði þinglýst.

□ Vísa skal skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brest- ur heimild til eignar á þann veg, er skjalið greinir, sbr. þó 24., 25. og 51. gr. 3. mgr. Sama máli gegnir, ef þinglýsing er bersýnilega óþörf til vermdar rétti, ef lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist, svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða eða skjalið hefur aðra svo verulega galla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og vörslu.

□ Nú eru í skjali atriði, orðuð eða óorðuð, sem ekki eru í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið er þó tækt til þinglýsingar. Skal þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef

telja verður að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu er ætlað að veita. Ef tvö eða fleiri skjöl um sömu eign eru afhent samtímis til þinglýsingar, sbr. 15. gr., og réttindum, er þau mæla um, lýstur saman, skal og rituð athugasemd á skjölinu um það atvik. Sama er, ef aðili, sem aðeins nýtur skilorðsbundinnar heimildar að eign, gefur út skjal án þess að greina skilorðið.

□ Nú verður skjali ekki þinglýst án athugasemdar, og skal þá þinglýsingabók bera með sér, að skjalinu hafi verið þinglýst með athugasemd.

□ [Þinglýsingarstjóri]¹⁾ skal greiða úr því svo fljótt sem fönng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því, að skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært í þinglýsingabók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en þessari rannsókn er lokið. Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt.

¹⁾ L. 85/1989, 6. gr.

■ **8. gr.** [Þinglýsingarstjórnar]¹⁾ færa þessar bækur:

1. Fasteignabók um skjöl, er varða fasteignir.

2. Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skrásetningarskyld eru.

3. Bifreiðabók um skjöl, er bifreiðar varða.

4. Lausafjárnabók um öll skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem eru ekki skrásetningarskyld, en skjöl um slík skip má þó einnig færa í skipabók samkvæmt 2. tölul., ef [þinglýsingarstjóra]¹⁾ þykir það hentara.

□ [Bækur þær er lúta að fasteignum skulu tölvufærðar í Landskrá fasteigna eftir nánari fyrirmælum ráðherra í reglugerð. Þar skal mælt fyrir um öryggisráðstafanir og vistun þinglýsingargagna. Þar til lokið hefur verið við þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna er þinglýsingarstjórn heimilt að nota eldri þinglýsingabækur, lausblaðabækur, spjöld eða eldra tölvukerfi. Aðrar bækur skulu vera lausblaðabækur, en heimilt er þó að hafa þær í spjaldskrárformi. Dómsmálaráðherra ákveður nánari tilhögun þeirra, hvort tölvutækni skuli beitt við skráningu þeirra upplýsinga sem þær hafa að geyma og hvort það skuli gert í sumum þinglýsingaumdæmum eða þeim öllum.]²⁾

□ Með heitinu þinglýsingabækur er í lögum þessum átt við bækur þessar, ef ekki er annars getið.

□ Í bókum þessum skal ætla [hverju]²⁾ skrásetningarskyldu skipi og bifreið eitt eða fleiri blöð eftir þörfum. Enn fremur skal ætla þeim manni blað í lausafjárnabók, sem stofnar til réttinda yfir lausafé, þar á meðal skipi, sem ekki er skrásetningarskyld. Þegar skjöl eru móttækin til þinglýsingar, skal þeirra getið á blaði hlutaðeigandi . . . ²⁾ skips, bifreiðar og réttisala almenns lausafjár, og þá þannig að yfirleitt sé hægt að gefa eignar- og veðbókartvörf með afhendingu ljósrits af blaðinu.

□ . . . ²⁾

¹⁾ L. 85/1989, 7. gr. ²⁾ L. 45/2000, 2. gr.

■ **9. gr.** Þinglýsing fer fram með þeim hætti, að meginatriði úr skjali því, sem þinglýsa á, eru færð í þinglýsingabók rétta, auk dagsetningar dagbókarfærslu. [Við þinglýsingu í Landskrá fasteigna er stöðu skjals breytt úr „daghókarfært“ í „þinglýst“.]¹⁾

□ Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar [þinglýsingarstjóri]²⁾ vottorð um þinglýsinguna á eintök skjalsins.

□ Vikulega skal gera skrá um þinglýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu [þinglýsingarstjóra]²⁾ fulla viku. Í

skrá þessari skal getið, hver sé útgefandi skjals, eigandi þess, tegundar og annars, sem þarf til þess að skjalinu sé lýst nægilega. Dómsmálaráðherra getur ákveðið birtingu slíkra skráa í opinberu blaði.

¹⁾ L. 45/2000, 3. gr. ²⁾ L. 85/1989, 8. gr.

■ **10. gr.** Þau eintök þinglýstra skjala, sem [þinglýsingarstjóri]¹⁾ heldur eftir, skulu geymd í sérstökum skjalahlýkjum, og ákveður dómsmálaráðuneytið gerð þeirra.

□ Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahlýki og leggja það í skjalasafn [þinglýsingarstjóra]¹⁾ og síðar til annarra skjalasafna eftir því, sem lög mæla. [Ef beiðni um aflýsingu er færð í dagbók skv. 1. mgr. 6. gr. skulu aflýst skjöl ekki numin úr skjalahlýkjum.]²⁾

□ [Með reglugerð má ákveða að vistun skjala á tölvutæku formi komi í stað geymslu í skjalahlýkjum skv. 1. mgr. Þann hátt má hafa á í sumum eða öllum þinglýsingaumdæmum eftir því sem aðstæður leyfa. Takmarka má vörslu skjala á þann veg við ákveðnar tegundir skjala.]²⁾

□ Með reglugerð má einnig ákveða, að sérstakri tækni skuli beitt við vörslu skjala, svo sem með myndun skjala á mikrófilmur. Má hafa þann hátt á í sumum þinglýsingaumdæmum aðeins eða þeim öllum. Takmarka má vörslu skjala með slíkum hætti við ákveðnar tegundir skjala.

¹⁾ L. 85/1989, 9. gr. ²⁾ L. 45/2000, 4. gr.

■ **11. gr.** Ef í einu og sama skjali er stofnað til fleiri réttinda en þeirra, sem skjalinu er aðallega ætlað að veita, skal athygli [þinglýsingarstjóra]¹⁾ sérstaklega vakin á því, annaðhvort með áritun á skjalið sjálft eða með undirstrikunum í texta skjalsins, til hvaða réttinda þinglýsingin eigi að taka.

¹⁾ L. 85/1989, 10. gr.

■ **12. gr.** Nú gefur veðhafi samkvæmt veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti (veðbandsleysing) eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum (veðleyfi) eða hann gefur einhverjar áþekkar yfirlýsingar, vegna veðréttar síns. [Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst nema sjálfst veðbréfið eða endurit þess, með áritun um veðbreytinguna, sé sýnt eða afhent þinglýsingarstjóra svo að hann geti gengið úr skugga um að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.]¹⁾

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 45/2000, 5. gr.

■ **13. gr.** Aflýsing skjals fer fram með þeim hætti, að dregið er strik yfir færslu skjalsins í þinglýsingabók og ber að geta þess, hvenær slík útstrikun fór fram, og vitna til þess skjals, er heimilaði aflýsinguna. Útstrikun skal þannig gerð, að eigi séu nein vandkvæði á að lesa það síðar, er áður var skráð. Yfir texta þess eintaks af skjalinu, sem [þinglýsingarstjóri]¹⁾ varðveitti, skal draga lóðrétt strik og lokakvittun eða samþykki til aflýsingar rituð á skjalið. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á bæði eintök skjalsins og geta þess, hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

□ [Aflýsing skjals í Landskrá fasteigna fer þannig fram að stöðu skjals er breytt úr „þinglýst“ í „aflýst“. Upplýsingar um aflýst skjöl og yfirlýsingu réthafa skulu varðveittar í ferilskrá viðkomandi eignar í tölvukerfi. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á frumrit skjalsins og geta þess hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.]²⁾

¹⁾ L. 85/1989, 12. gr. ²⁾ L. 45/2000, 6. gr.

III. kafli. Um forgangsáhrif þinglýsingar og grandleysi.

■ **14. gr.** Ekki telst skjal afhent til þinglýsingar, nema [þinglýsingarstjóra]¹⁾ séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og lögmæt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins.

□ Skjöl, sem berast eftir skrifstofutíma, teljast afhent næsta dag, og eins getur dómsmálaráðuneytið ákveðið í reglugerð, að skjöl, sem ekki berast fyrir en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli einnig teljast afhent næsta dag.

¹⁾ L. 85/1989, 13. gr.

■ **15. gr.** [Skjali er þinglýst þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók eða fær stöðuna „þinglýst“ í tölvu, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá þeim degi er skjal var afhent til þinglýsingar, sbr. þó 2. mgr. 14. gr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar.]¹⁾ Skjal telst afhent til þinglýsingar á þeim degi, sem tilgreindur er í dagbók, nema full sönnun komi fram um hið gagnstæða. Nú eru tvö skjöl eða fleiri, sem ekki geta samrýmst, afhent samdægurs til þinglýsingar, og eru þau þá jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó ganga aðfarargerðir og kyrrsetningar fyrir rétti, sem stafar af öðrum atvikum. Ef skjöl um tvær aðfarargerðir (kyrrsetningargerðir) eða fleiri eru afhent samtímis, er hin elsta þeirra réthæst. Nú afhendir eigandi öðrum manni eign sína og hefur áskilið sér jafnframt réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, og gengur þá á réttur fyrir réttindum, sem yngrir eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngra eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldra eigandans og skjalið, sem gefur þetta til kynna, er afhent í síðasta lagi samtímis skjali því, sem heitir viðsemjanda yngra eigandans réttindum.

□ . . . ²⁾

¹⁾ L. 45/2000, 7. gr. ²⁾ L. 31/1990, 44. gr.

■ **16. gr.** Hafi hefðuðum réttindum til fasteignar eigi verið þinglýst, þá skulu þau þó engu að síður standa óhöggud, þrátt fyrir það að 15. og 29. gr., sbr. 32. gr. laga þessara ættu að leiða til annarrar niðurstöðu, ef sá aðili, sem öðlast hefur rétt yfir sömu fasteign, hefur ekki höfðað mál til að fylgja fram rétti sínum innan tveggja ára frá því að hann öðlast réttindi sín.

□ Sé hefðartími eigi liðinn, þegar aðili fékk rétt sinn, verður hann að fylgja eftir rétti sínum með málssókn, áður en ofangreindur frestur er úti, enda sé hefðartími fullnaður á frestinum.

□ Við fullnaða hefð falla niður þau réttindi yfir fasteigninni, sem fara myndu í bága við þau not, sem hefðin heimilar.

■ **17. gr.** Nú telur [þinglýsingarstjóri]¹⁾ sig ekki geta ákveðið, hvaða gjald eða gjöld eigi að taka fyrir skjal, sem afhent hefur verið til þinglýsingar, án samráða við viðkomandi ráðuneyti. Skal hann þá færa skjalið til bráðabirgða í þinglýsingabók og geta þess, að færslan sé eigi endanleg. Jafnskjótt og svar ráðuneytisins hefur borist [þinglýsingarstjóra],¹⁾ tilkynnir hann þeim, er skjalið afhenti, með tryggilegum hætti um úrlausn ráðuneytisins um gjöld. Ef gjöldin eru greidd samkvæmt þessu innan tveggja vikna frá því, að tilkynning var send aðila, skal [þinglýsingarstjóri]¹⁾ bóka í þinglýsingabók, að færslan sé endanleg, enda teljast forgangsáhrif þinglýsingar þá frá því, er skjal var afhent til þinglýsingar. [Að öðrum kosti dregur þinglýsingarstjóri strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók eða afmáir skjal í tölvukerfi, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.]²⁾

¹⁾ L. 85/1989, 14. gr. ²⁾ L. 45/2000, 8. gr.

■ **18. gr.** Nú er efni skjals fært ranglega í þinglýsingabók,

láðst hefur að færa skjalið í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 7. gr. 5. mgr., eða skjal, sem samrýmist ekki öðru skjali, er fyrir barst til þinglýsingar, er fært í þinglýsingabók á undan því. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, er skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé réthafi grandlaus um þessi atvik. Skilyrði þessa eru:

A. að yngra réttthafanum væri bakað óverðskuldað tjón, ef hann hlýti að þoka og

B. að tjónið yrði þeim réttthafa, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en hinum eldra eða leiða myndi til verulegra raskana á síðar þinglýstum réttindum, ef réttur sá, er mistök urðu um, gengi fyrir.

■ **19. gr.** Með grandleysi er í lögum þessum átt við það, að réthafi eftir samningi eða löggerningi hvorki þekki né ætti að þekkja hin óþinglýstu réttindi.

IV. kafli. Þinglýsing, er varðar fasteignir.

1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst.

■ **20. gr.** Skjali, sem snertir fasteign, skal þinglýsa í umdæmi því, sem eignin er í.

□ [Binda skal þinglýsingu stofnskjals fasteignar því skilyrði að þar komi fram:

a. heiti landeignar samkvæmt ákvörðun sveitarfélags,

b. landnúmer lóðar, eitt eða fleiri,

c. landnúmer þess lands sem lóð er tekin úr,

d. afmörkun lóðar á uppdrætti sem staðfestur hefur verið af skipulagsyfirlöndum,

e. fastanúmer hverrar fasteignar sem hefur beina tilvísun í þá skika sem henni tilheyrir.]¹⁾

□ [Heimilt er að þinglýsa í einu stofnskjali myndun fleiri en einnar fasteignar.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að binda skuli þinglýsingu skjals er varðar landamerki eða lóðamörk því skilyrði að tilgreina skuli hnit skurðpunkta og markalínur samkvæmt viðurkenndu hnitakerfi, svo og mælikvarða uppdráttu af landi. Nú eru ekki fyrir hendi nægilega nákvæm hnitakerfi, og getur þá ráðherra í reglugerð mælt fyrir um form og efni uppdráttu.]¹⁾

¹⁾ L. 45/2000, 9. gr.

■ **21. gr.** Afsali verður ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en uppgjöri og greiðslu kaupverðs innan tiltekens frests.

■ **22. gr.** Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. [Vitundarvottar skulu geta kenntölu sinnar, eða eftir atvikum fæðingardags og heimilisfangs.]¹⁾

□ Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hliðstæðum hætti.

¹⁾ L. 45/2000, 10. gr.

■ **23. gr.** Skjal, sem þinglýsa á, má vera bundið skilorði, en efni þess skal vera endanlega ákveðið. Tryggingarbréfum má samt þinglýsa, þótt eingöngu sé greind hámarksfjárhæð skuldar, er bréf á að tryggja.

■ **24. gr.** Nú hvílir skjal á löggerningi, og verður það þá eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er í skjali greinir, eða hann

skortir skriflegt samþykki þess, er slíkrar heimildar nýtur, sbr. þó 51. gr. 3. mgr.

□ Aðfarargerð og kyrrsetningargerð í eign verður samt þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. [Afsal sem er gefið út vegna nauðungarsölu verður og fært í fasteignabók þótt grundvöllur sölunnar]¹⁾ sé veðréttur, er stofnaður var með löggerningi af þeim, sem ekki hafði eða hefur þinglýsta heimild eða eins var ástatt um þann, er aðför var gerð hjá. [Hafi veðandlag aðfarar- eða kyrrsetningargerðar ekki verið myndað í þinglýsingabók skal þinglýsingarstjóra heimilt að mynda eign til bráðabirgða í Landskrá fasteigna. Slík skráning til bráðabirgða kemur ekki í stað þinglýsingar stofnskjals skv. 20. gr.]²⁾

□ Skiptaafsalir fyrir eign verður ekki þinglýst, ef sá, er afsalið tjáir hafa átt eignina, er ekki þinglýstur eigandi hennar . . .¹⁾

□ Dómi um réttindi til fasteignar verður ekki þinglýst, nema hann bindi þann, er nýtur þinglýstrar heimildar að eign, enda mæli lög ekki öðrum orðum.

¹⁾ L. 90/1991, 91. gr. ²⁾ L. 45/2000, 11. gr.

■ **25. gr.** Þinglýsta eignarheimild hefur sá, er þinglýsingabók nefnir eiganda á hverjum tíma. Sama er um þann, er færir sönnur á, að eignarréttur hafi flust til sín vegna andláts eiganda. Um þinglýsta heimild að öðrum réttindum gilda hliðstæðar reglur.

□ Nú [hafa erfingjar lokið einkaskiptum á dánarbúi]¹⁾ og þinglýsa skiptagjörð eða yfirlýsingu um, að fasteign hafi orðið eign þeirra eða einhvers þeirra, og er það nægileg eignarheimild fyrir þá, sbr. þó 3. mgr. 24. gr. Ef maki situr í óskiptu búi, er nægilegt að þinglýsa leyfi [sýslumanns]¹⁾ til búsetu.

□ Nú er eign seld [við nauðungarsölu, og skal þá sýslumaður]²⁾ gera ráðstafanir til þess að um það sé getið á blaði fasteignar í fasteignabók. Hliðstæð skylda hvílir á [skiptastjóra]¹⁾ við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi og við upphaf nauðasamninga. Fyrir færslu slíkra tilkynninga skal ekki greiða þinglýsingagjald.

¹⁾ L. 20/1991, 136. gr. ²⁾ L. 90/1991, 91. gr.

■ **26. gr.** Sá, sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign, nýtur einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þ. á m. byggingum, sem reistar hafa verið eða reistar verða á eigninni, nema fasteignabók nefni annan réttthafa.

□ Nú er þinglýst gögnum, er veita öðrum eignarrétt að byggingu en lóðareiganda, og skal þá ætla byggingu sérstakt blað í fasteignabók.

□ Erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, er leiguréttur tekur til, nema annars sé getið.

2. Leiðrétting á röngum færslum. Bráðabirgðavernd réttinda.

■ **27. gr.** Nú verður [þinglýsingarstjóri]¹⁾ þess áskynja, að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella, og skal hann þá bæta úr. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal [þinglýsingarstjórinn]¹⁾ skýra þeim frá mála-vöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

□ Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati [þinglýsingarstjóra],¹⁾ eða setur tryggingu eftir því, sem [þinglýsingarstjóri]¹⁾ kveð-

ur á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem [þinglýsingarstjóri]¹⁾ setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni.

¹⁾ L. 85/1989, 16. gr.

■ **28. gr.** Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar . . .¹⁾

□ Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið.

¹⁾ L. 91/1991, 161. gr.

3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.

■ **29. gr.** Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars réttthafa að eign.

□ Samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fær ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé réttthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

■ **30. gr.** Nú er veðbréfi þinglýst, og þarf þá ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gerningi (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

■ **31. gr.** Stofnun afnotaréttar og framsal á afnotarétti er ekki háð þinglýsingu:

1. Ef afnotatími er 12 mánuðir hið lengsta eða fært er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 3 mánuðir, miðað við almennan fardag, enda varði samningur íbúðarhúsnæði.

2. Ef afnotatími er eigi lengri en 2 ár eða heimilt er að segja upp samningi með fyrirvara, er eigi sé lengri en 6 mánuðir, enda varði samningur atvinnuhúsnæði. Afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningarinnar um ábúð jarða, eru ekki háðir þinglýsingu.

□ Fyrirframgreiðsla á leigu fyrir lengri tíma en eitt ár og lækun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi, eru háð þinglýsingu, enda sé þessara atvika ekki sérstaklega getið í þinglýstum samningi.

■ **32. gr.** Réttarvernd lögveðréttinda er ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað. Réttarvernd eignarnámssgerða er hins vegar háð þinglýsingu. Sama er um réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.

4. Réttaráhrif þinglýsingar.

■ **33. gr.** Sá, er hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þarf ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin.

□ Mótbára, er lýtur að því að skjal samkvæmt 1. mgr. sé falsað eða fengið með beitingu slíkrar nauðungar, er í 28. gr. laga nr. 7/1936 greinir, glatast þó ekki. Sama er um þá mótbáru, að skjal sé ógilt vegna lögræðisskorts útgefanda fyrir æsku.

□ Nú er þinglýst skjali, sem ógilt er að lögum. Ef annmarkinn eyðist síðar, er ekki þörf nýrrar þinglýsingar, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast þá frá því, að annmarkanum létti.

■ **34. gr.** Leiga, afgjöld og aðrar greiðslur verða inntar til þeirra, sem heimild hafa eftir þinglýsingabók til að veita þeim móttöku, svo að bindandi sé, enda sé greiðandi grandlaus um að viðtökuheimild hafi síðar horfið á hönd öðrum manni. Hliðstæðu gegnir um uppsagnir og svipaðar aðgerðir.

□ Um afborgun af veðskuldabréfi og aðgerðir út af því fer samkvæmt sérreglum um viðskiptabréf.

5. Brottfall þinglýsingar.

a. Tímabundið gildi þinglýsingar.

■ **35. gr.** Nú er þinglýst hafti eða kvöð á eign, og er þeim ekki ætlað að vera ævarandi. Falla þá brott þau áhrif, er greinir í 15. gr., þegar liðin eru 30 ár frá því að haftinu var þinglýst, enda sé því ekki þinglýst að nýju, áður en frestur þessi er úti, sbr. þó 36. og 37. gr.

□ Þinglýsing áritunar á áður þinglýst skjal slítur ekki fresti þeim, er greinir í 1. mgr., ef áritun felur ekki í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Í hækkan á fjárhæð veðbréfs telst fólgin slík viðurkenning.

■ **36. gr.** Ef skjal tekur til ákvæðið tímabil, sem því er ætlað að gilda um, eða er bundið við lífstíð rétthafa, eiga ákvæði 35. gr. ekki við.

□ Nú er lágmarkstími um gildi skjals nefndur og falla þá réttaráhrif þinglýsingar aldrei brott fyrr en þremur árum eftir lok þess tíma.

□ Um veðbréf eyðast áhrif þinglýsingar ekki fyrr en fimm ár hið skemmsta eru liðin frá þeim degi, er skuldin átti að vera greidd að fullu samkvæmt ákvæðum bréfsins eða skuldin gat fyrst orðið eindöguð fyrir uppsögn af hendi kröfuhafa, en gæta verður þó ávallt ákvæða 1. mgr. 35. gr.

■ **37. gr.** Áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast fyrir fjárnám, lögak eða svipaðar réttargerðir, falla ekki brott fyrr en full fimm ár eru liðin frá því að réttargerðinni var þinglýst. Áhrif þinglýsingar um kyrrsetningargerð og lögbann eyðast tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst.

□ Ákvæði 1. mgr. koma ekki til greina, ef þinglýst er tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti, um, að haftið sé eigi niður fallið. Frá þeirri tilkynningu eða nýrri þinglýsingu hefjast nýir frestir, jafnlangir hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja.

■ **38. gr.** [Þinglýsingarstjóri]¹⁾ fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók, ef því er að skipta, að eigin frumkvæði. Sama máli gegnir, ef rétti er bersýnilega lokið. [Þinglýsingarstjóri]¹⁾ skal þó jafnan senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

□ Nú eru horfur á, að eignarhafti, sem þinglýst hefur verið fyrir tutugu árum hið skemmsta, sé lokið, og getur þá [þinglýsingarstjóri]¹⁾ að beiðni eiganda gefið út áskorun, sem birta skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar. Ef gerlegt er, skal sérstök tilkynning send í ábyrgðarbréfi þeim, er fasteignabók nefnir rétthafa. Gefi enginn sig fram, skal afmá eignarhaftið.

□ Nú er eignarhaft máð ranglega, og skal þá beita reglum 18. gr. eftir því sem við á.

□ Ef miða skal frest eftir 35.–37. gr. við þinglýsingu skjals, skal miða við færsludag í þinglýsingabók.

¹⁾ L. 85/1989, 17. gr.

b. Aflysingar.

■ **39. gr.** Eignarhafti skal aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um að því megi aflýsa.

□ Veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi verður þó ekki aflýst, nema kvittun eða samþykki til aflýsingar sé ritað á bréfið sjálft. [Þinglýsing á staðfestingu rétthafa samkvæmt þinglýsingabók um aflýsingu skjals er þó fullnægjandi ef um er að ræða bréf sem gefin hafa verið út til ríkissjóðs, opinberra stofnana, banka, sparissjóða, lífeyrissjóða, tryggingafélaga eða verðbréfasjóða.]¹⁾

□ Þegar þinglýst skjal hefur verið ógilt með dómi, má þó aflýsa því, ef lagt er fram endurrit af dóminum með áritaðri beiðni dómhafa um aflýsingu.

□ [Nú er fasteign seld við nauðungarsölu, og skal þá má eignarhöft úr þinglýsingabók eftir því sem mælt er fyrir um í afsali vegna nauðungarsölunnar þegar því er þinglýst.]²⁾ Til þess að slík [skjöl]²⁾ verði máð úr þinglýsingabók, þarf ekki að afhenda þau, en geta skal [þinglýsingarstjóri]³⁾ þess með áritun á það eintak skjalsins, er hann varðveitti, hvers vegna það hafi verið afmáð.

□ Ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig, eru ekki metnar fullnægjandi, skal synja um aflýsingu.

¹⁾ L. 45/2000, 12. gr. ²⁾ L. 90/1991, 91. gr. ³⁾ L. 85/1989, 18. gr.

V. kafli. Þinglýsing um skrásett skip, 5 rúmlestir og stærri.

■ **40. gr.** Stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir eða stærra, eða hluta slíks skips, lýtur reglunum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.

□ Nú er rétt höfum í fasteign veitt sérstakt hagræði í lögum við heimt krafna sinna, og njóta þá slíkir rétthafar í eignum þeim, er 1. mgr. tekur til, hliðsetts hagræðis.

■ **41. gr.** Þinglýsing skjala, er varða skip 5 rúmlestir eða stærra, skal fara fram þar í umdæmi, sem skipið er skráð. Ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 66/1963¹⁾ halda þó gildi sínu eftir því sem við á.

¹⁾ Nú l. 34/1985.

■ **42. gr.** Til nafnbreytingar á skrásettu skipi þarf samþykki þinglýstra eigenda þess. Nafnbreytingu og flutning skips skal [þinglýsingarstjóri]¹⁾ tilkynna óbeinum rétt höfum í skipinu, ef þeir eru kunnir. Tilkynningu um flutning annast [þinglýsingarstjóri]¹⁾ í þinglýsingaumdæmi því, sem skip er flutt úr.

□ Nú er skrásett skip, er þessi kafli laganna tekur til, flutt á milli umdæma. Skal þá [þinglýsingarstjóri]¹⁾ senda [þinglýsingarstjóra]¹⁾ í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmála-bækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en [þinglýsingarstjóranum]¹⁾ í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 7. gr. 5. mgr.

□ Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips milli umdæma.

¹⁾ L. 85/1989, 19. gr.

VI. kafli. [Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.]¹⁾

¹⁾ L. 63/1988, 2. gr.

■ **43. gr.** [Skjali, er varðar skrásett skráningarskyld skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar sem skipið er skráð.

□ Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal

eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá þinglýsingu nema fyrir liggja skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

□ Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra og gagnvart skuldheimtumönnum.

□ Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. mgr. 48. gr. og skal undirskrift og lögræði útgefanda, svo og rétt dagsetning, staðfest að hætti 22. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 63/1988, 3. gr.

■ **44. gr.** Veðbréf í skrásettu skráningarskyldu skipi minna en 5 rúmlestir . . . ¹⁾ skal máð úr þinglýsingabók, þegar liðin er 15 ár frá þinglýsingu bréfsins, enda hafi [þinglýsingarstjóranum]²⁾ ekki borist tilkynning til þinglýsingar innan þessa frests um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

¹⁾ L. 63/1988, 4. gr. ²⁾ L. 85/1989, 20. gr.

■ **45. gr.** [Nú er skráð skráningarskyld skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá [þinglýsingarstjóri]¹⁾ senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrít ef um er að ræða skjöl sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálábækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en [þinglýsingarstjóranum]¹⁾ í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests er greinir í 5. mgr. 7. gr.

□ Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

□ [Þinglýsingarstjóri]¹⁾ í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum réttihöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.]²⁾

¹⁾ L. 85/1989, 21. gr. ²⁾ L. 63/1988, 5. gr.

■ **46. gr.** Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda um eignir þær, sem þessi kafli fjallar um, 21.–23. gr., 25. gr. og eftir því sem við á, ákvæði 27.–28. gr. og 29. gr. 2. mgr. og 30.–39. gr. (sbr. þó 44. gr.).

VII. kafli. [Þinglýsing er varðar lausafé almennt, þar á meðal skip sem ekki eru skráningarskyld og skip sem ekki hafa verið skrásett.]¹⁾

¹⁾ L. 63/1988, 6. gr.

■ **47. gr.** Skjali, sem varðar lausafé, þ. á m. skip, sem ekki er skráningarskyld, eða hefur eigi verið skráð, skal þinglýsa á heimavarnarþingi eiganda þeirra eigna, sem haft er fellt á, eða þess, er hlíta verður takmörkun á rétti. Eigi hann ekki varnarþing hérlendis, má þinglýsa skjalinu í Reykjavík.

□ Nú er skrásett firma eða félag eigandi muna, og skal þá þinglýsa skjali, er þá varðar, í því þinglýsingaumdæmi, sem þau eru skrásett. Ef önnur félög eru eigendur muna, skal þinglýsa skjali á varnarþingi formanns félagsstjórnar. Ef um sérstaka sameign er að ræða, skal þinglýsa skjali á varnarþingi þess, sem er í fyrirvari fyrir sameigninni, ella á varnarþingi allra sameigenda.

□ [Nú er þinglýst skjali er varðar skrásetta bifreið og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi skal vísa skjali frá

þinglýsingu, nema fyrir liggja skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.]¹⁾

□ Nú flytur eigandi úr þinglýsingaumdæmi eða eigendaskipti verða að eign, og má þá þinglýsing fara fram að nýju, en hún er ekki nauðsynleg.

□ Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda 22.–23. gr., 29. gr. 2. mgr. og 30.–39. gr. (sbr. þó 48. gr.) eftir því, sem við á.¹⁾ L. 63/1988, 7. gr.

■ **48. gr.** Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluved í lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskyld eða skráð, skal afhent [þinglýsingarstjóra]¹⁾ til þinglýsingar innan þriggja vikna frá því að það var gefið út, ef í kaupstað er eða þinghá, þar sem [þinglýsingarstjóri]¹⁾ sá, er fjalla á um þinglýsinguna, hefur skrifstofu, ella innan fjögurra vikna. Auk staðfestingar á undirritun og lögræði útgefanda að hætti 22. gr. skal einnig votta, að dagsetning sé rétt.

□ Þinglýsing er forsenda þess, að veðbréf haldi gildi gagnvart réttihöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins um veðsetta lausafjármuni, og gagnvart skuldheimtumönnum.

□ Ef þinglýsing fer ekki fram innan frests þess, er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. mgr.

□ Veðbréf, sem veitir sjálfsvörsluved í tilteknum lausafjármunum, skal máð úr þinglýsingabók, þegar tíu ár eru liðin frá þinglýsingu bréfsins, hafi [þinglýsingarstjóra]¹⁾ ekki innan þessa frests borist tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

□ Réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu eru háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna.

¹⁾ L. 85/1989, 22. gr.

VIII. kafli. Bótaákvæði.

■ **49. gr.** Nú hlýtur maður tjón, sem telja verður sennilega afleiðingu af mistökum [þinglýsingarstjóra]¹⁾ eða af atvikum, sem greinir í d- og e-liðum þessarar greinar, en bótakrefjandi á sjálfur ekki sök á því, og á hann þá rétt á bótum úr ríkissjóði, ef tjónið stafar af því:

a. Að hann hefur treyst þinglýsingarvottorði [þinglýsingarstjóra],¹⁾ sbr. 9. gr., eða vottorði [þinglýsingarstjóra]¹⁾ um efni þinglýsingabóka (veðbókarvottorði), enda sé aðili grandlaus.

b. Að skjali, sem borist hefur til þinglýsingar, hefur ekki verið þinglýst, eða þinglýst of seint.

c. Að skjal verður að þoka fyrir síðar þinglýstu skjali samkvæmt 18. gr.

d. Að heimildarskjali, sem greint er í 2. mgr. 33. gr., er þinglýst og aðili hefur gert samning um fasteign eða skrásett skip, 5 rúmlestir eða stærra, í trausti þess, að skjalið væri gilt.

e. Að ákvæði 38. eða 50. gr. hafa leitt til þess að réttindi hans féllu niður.

¹⁾ L. 85/1989, 23. gr.

IX. kafli. Gildistaka o.fl.

■ **50. gr.** Nú fer maður með eignarumráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara, en þinglýstri eignarheimild hans er nokkuð áfátt. Er honum þá rétt að snúa sér til [þinglýsingarstjóra]¹⁾ á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um, að hann sé eigandi eignarinnar. Skilyrði þess, að hann fái óskoraða eignarheimild á grundvelli yfirlýsingarinnar eru þessi:

a. að hann hafi í höndum heimildarskjal, sem áfátt er og þinglýst hefur verið a.m.k. 5 árum áður en heimildar þessarar er neytt, eða

b. hafi í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta.

□ Nú telur [þinglýsingarstjóri],¹⁾ að skilyrðum þessum sé fullnægt, og gefur hann þá út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að viðlögðum réttarmissi. Áskorun þessi skal birt þrisvar í Lögbirtingablaðinu á kostnað beiðanda. Ef enginn gefur sig fram innan frests þessa, skráir [þinglýsingarstjóri]¹⁾ athugasemd í þinglýsingabók um, að eignarheimild sé ekki áfátt.

□ Nú brestur mann þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum, og skal þá [höfðað eignardómsmál eftir því sem skilyrði standa til].²⁾

¹⁾ L. 85/1989, 24. gr. ²⁾ L. 91/1991, 161. gr.

■ **51. gr.** Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign, skráðu skráningarskyldu skipi eða skrásettri bifreið og hefðu réttindi haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá einnig gild með sama hætti framvegis.

□ Reglum 22. og 24. gr., sbr. 43. og 48. gr. laganna verður ekki beitt um skjöl, sem gefin eru út fyrir gildistöku þeirra.

□ Nú er húseign án þinglýstra lóðarréttinda vegna þess, að af sérstöku ástæðum vill lóðareigandi ekki gera tímabundinn afnota- eða leigusamning um lóðina, og skal þá ákvæðum 1. og 3. mgr. 24. gr. laganna ekki beitt um skjöl, sem slíkar húseignir varða. 50. gr. laganna tekur ekki til slíkra eigna.

□ 1. mgr. 33. gr. og d-liður 49. gr. taka aðeins til skjala, sem þinglýst er eftir gildistöku laga þessara og ekki gilda sérstakar undantekningar um.

■ **52. gr.** Skjöl, sem þinglýst er fyrir 1. janúar 1949, skal ekki má úr þinglýsingabók eftir 35. gr., sbr. 38. gr., fyrir 1. janúar 1984.

□ Skjöl þau, er greinir í 37. gr., 44. gr. og 48. gr. og þinglýst er fyrir gildistöku laganna, skulu ekki máð úr þinglýsingabók fyrir 1. janúar 1986.

□ Á næstu 5 árum eftir gildistöku laganna skulu þinglýsingardómarar rannsaka grandgæfilega þinglýsingabækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa glatað gildi sínu. Um réttindi, sem bersýnilega eru fallin brott, fer skv. 38. gr. 1. mgr. Ef vafi er um gildi einstakra réttinda, ber dómara að leita upplýsinga hjá réttum aðiljum. Honum er og kostur að beita ákvæðum 2. mgr. 38. gr. eftir því, sem við á.

□ Þinglýsingabækur þær, sem færðar eru við gildistöku laganna, skal nota, uns dómsmálaráðuneytið skipar fyrir um nýjar bækur eða notkun nýrrar tækni. Þegar nýjar þinglýsingabækur eru teknar í notkun, skal ekki færa í þær réttindi, sem

bersýnilega eru niður fallin. Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær ákvæði 10. gr. frv.¹⁾ koma til framkvæmda í einstökum umdæmum.

□ Dómsmálaráðuneytið ákveður, hvenær færsla skjala í dagbækur samkvæmt 6. gr. skuli tekin upp í einstökum umdæmum. Þar til slík ákvörðun hefur verið tekin, skal viðtöku skjala og áritun um hana hagað með sama hætti og verið hefur fyrir gildistöku laga þessara.

¹⁾ *Virðist eiga að vera „laganna“.*

■ **53. gr.** Dómsmálaráðuneytið setur í reglugerð¹⁾ ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um þinglýsingappír, útlit skjala og efni, endurrit skjala, um geymslu skjala, fyrirkomulag þinglýsingabóka og færslu þeirra, um þinglýsingarvottorð, og að hverju marki almenningi sé kostur að kynna sér efni þinglýsingabóka. Enn fremur skal kveða nánar á um birtingu skjala, sem sætt hafa færslu í þinglýsingabækur.

¹⁾ Rg. 284/1996, sbr. 319/1997.

■ **54. gr.** . . .

■ **55. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Dómsmálaráðuneytið hefur umsjón með yfirfærslu þinglýsingabóka fasteigna í Landskrá fasteigna í samvinnu við Fasteignamat ríkisins í því skyni að mynda þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna í samræmi við lög um skráningu og mat fasteigna. Um gerð þinglýsingarhluta Landskrár fasteigna fer eftir ákvæðum laga þessara.

□ Áður en upplýsingar úr þinglýsingabók eru yfirfærðar í Landskrá fasteigna skal þinglýsingarstjóri bera saman lýsingu fasteignar eins og hún er í Landskrá fasteigna og þinglýsingabók. Komi fram misræmi þar skal þinglýsingarstjóri skrá um það athugasemdir í Landskrá fasteigna.

□ Sé fasteign í þinglýsingabók ekki auðkennd með fastanúmeri eða landnúmeri er þinglýsingarstjóra heimilt að nota auðkenni fasteignar í Landskrá fasteigna, enda leiki ekki vafi á að um sömu eign sé að ræða.

□ Við afmörkun landeignar í Landskrá fasteigna skal leggja til grundvallar lýsingu eignamarka í þinglýsingabók séu þau fyrir hendi, en ella skal miða við lýsingu í landamerkjaskrá. Séu upplýsingar um afmörkun landeignar ekki fyrir hendi, hvorki í þinglýsingabók né landamerkjaskrá, skal þinglýsingarstjóra heimilt að leggja til grundvallar afmörkun samkvæmt skrár sveitarfélags.

□ Dómsmálaráðherra setur að öðru leyti nánari reglur um hvernig skuli brugðist við misræmi í skráningu milli þinglýsingabóka og Landskrár fasteigna.]¹⁾

¹⁾ L. 45/2000, brbák.